

HÓPSLYSAÖRORKUTRYGGING – LÁNAVERND

1. gr. Inngangur

Vátrygging þessi er hóptrygging vegna slysaörorku fyrir einstaklinga þess hóps sem tilgreindur er í samningi vátryggingartaka (banka eða sparisjóðs) og OKKAR líftrygginga hf. Trygging þessi er gefin út í tengslum við lánveitingu vátryggingartaka til vátryggðs.

Grundvöllur vátryggingarsamningsins er

- skilmálar þessir,
- sameiginlegir skilmálar félagsins eftir því sem við á,
- upplýsingar á vátryggingarumsókn,
- önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

2. gr. Gildistími og aldurstakmörk

Vátryggingin gildir frá útgáfudegi, að hámarki til 65 ára aldurs vátryggðs. Félagið vátryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára. Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum aðilum hefst þegar félagið hefur móttakið og samþykkt undirritaða umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum og lánið hefur verið gefið út.

3. gr. Endurnýjun og uppsögn

Vátryggingin endurnýjast á aðalgjaldsdaga til eins árs í senn, hafi vátryggður eða félagið ekki sagt henni upp einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabils/ aðalgjaldsdaga. Að öðru leyti fer um uppsagnir og endurnýjanir eins og tilgreint er í sameiginlegum skilmálum félagsins.

4. gr. Skyldur vátryggðs á vátryggingartímanum

Tilkynna ber skriflega sérhverja breytingu sem kann að verða á starfi eða búsetu vátryggðs, eða öðrum atriðum sem fram koma í umsókn og varða áhættu félagsins. Félagið mun í þeim tilvikum dæma um hvort vátryggingin skuli halda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum. Dveljist vátryggður erlendis í meira en hálf ár í senn, er félaginu heimilt að segja upp vátryggingunni fyrirvaralaust.

Vanræki vátryggður að tilkynna um slíka breytingu leysist félagið úr ábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Falli vátryggingin niður eða iðgjald breytist vegna áhættubreytingar, endurreiknast iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

5. gr. Vátryggingin bætir

Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, samkvæmt vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum þessum, enda leiði það til varanlegrar örorku.

Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem vátryggður er, og gerist án vilja hans.

6. gr. Bótageiðslur

Þegar fullnægjandi sannanir liggja fyrir um bótageiðslu, greiðist vátryggingarfjárhæðin óafturkallanlega til bankans eða sparisjóðsins, til uppgreiðslu eða til innborgunar á eftirstöðvar viðeigandi láns.

7. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Valdi slys á gildistíma tryggingarinnar vátryggðum varanlegri örorku innan þrjúgjuga ára frá því að slysið varð, greiðast bætur á grundvelli grunnvátryggingarfjárhæðar örorku á slysdagi, sbr. 11. gr.

Varanlega örorku skal meta í hundraðshlutunum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstaklega hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig, skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Varanleg örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vegna 100% varanlegrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en vegna minni örorku hlutfallslega.

Lægri varanleg örorka en 40% bætist ekki.

Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

Ef slasaði deyr áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast ekki bætur fyrir varanlega örorku.

8. gr. Takmarkanir á ábyrgð félagsins

Vátryggingin bætir ekki afleiðingar af völdum slysa sem:

- verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum
- verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífarstökk, froskköfun og teygjustökk
- verða í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Sama gildir um slys sem verða í svif- og drekaflugi.
- vátryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða fíkniefna eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins
- verða vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs
- beint eða óbeint má rekja til ástands hins slasaða fyrir töku vátryggingarinnar

- orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu eitur- eða nautnalyfja
- verða vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

9. gr. Ráðstafanir vegna slyss

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirætlum læknis. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

10. gr. Vátryggingarfjárhæð og iðgjald

Vátryggingarfjárhæð er valið hlutfall af höfuðstól lánsins sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Vátryggingarfjárhæðin breytist árlega á gjalddaga og er jafnhá upphaflega völdu hlutfalli af eftirstöðvum lánsins (án dráttarvaxta og vanskilakostnaðar) í mánuðinum á undan. Vátryggingarfjárhæð á hverjum tíma er aldrei hærri en sem nemur eftirstöðvum lánsins.

Iðgjald breytist í samræmi við breytingar vátryggingarfjárhæða.

11. gr. Vísitölubinding bótafjárhæðar

Bótafjárhæð reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytist með breytingum á vísitölu neysliverðs frá slysdegi til uppgjörsdags.

Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

12. gr. Lok vátryggingarinnar

Vátryggingin fellur úr gildi við greiðslu bóta. Vátryggingin fellur sömuleiðis úr gildi ef

- lánið er greitt upp,
- breyting verður á skuldara lánsins,
- samningur félagsins og vátryggingartaka hefur fallið úr gildi.

Skilmálar nr. HA169
Gilda frá og með 01.11.2004